

Miðvikudaginn 3. desember 1952.

Kærumálið nr. 28/1952.

Ágúst Jónsson

gegn

Vilhjálmí Pálssyni og Unnsteini Beck.

Staðfesting vættis.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. nóvember þ. á., sem hingað barst 21. s.m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 17. nóvember þ. á., en með úrskurði þessum var vitninu Unnsteini Beck heimilað að staðfesta vætti sitt með eiði. Krefst sóknaraðili þess, að framangreindur úrskurður verði felldur úr gildi og að nefndu vitni verði synjað þess að staðfesta framburð sinn. Þá krefst hann þess, að orðin „óvandaðra málfærslumanna“ í greinargerð af hálfu varnaraðiljans Vilhjálms Pálssonar hér fyrir dómi verði dæmd dauð og ómerk og að umboðsmaður hans, Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður, verði sektaður fyrir þau. Loks krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili Vilhjálmur Pálsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati Hæstaréttar. Af hálfu varnaraðiljans Unnsteins Becks hafa engar kröfur verið gerðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðiljanum Vilhjálmi Pálssyni kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Orðin „óvandaðra málfærslumanna“ verða eigi skilin svo, að þar sé átt við umboðsmann sóknaraðilja, Magnús hæstaréttarlögmann Thorlacius, og verður því krafa um ómerkingu ummæla þessara og sekt fyrir þau ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ágúst Jónsson, greiði varnaraðiljanum Vilhjálmi Pálssyni kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1952.

Með áfrýjunarstefnu, útgefinni 22. nóvember 1950, hefur Ágúst Jónsson rafvirkjameistari, Barónsstíg 53 hér í bæ, skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 1. nóvember sama ár, í máli, sem Vilhjálmur Pálsson bifreiðarstjóri, Urðarbraut 1 í Smálöndum, hafði höfðað gegn honum til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 7214.93 auk 6% ársvaxta frá 5. maí 1948 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi. Dómur bæjarþingsins um dómkröfuna var á þá leið, að stefndi, Ágúst Jónsson, skyldi greiða stefnanda, Vilhjálmi Pálssyni, kr. 3675.65 með 6% ársvöxtum af þeirri upphæð, svo sem krafizt var, auk málskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi þær kröfur, að dóminum verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna, mótmæla og krafna hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. Kröfur áfrýjanda í héraði voru sýkna og málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Nú hefur áfrýjandi krafizt þess fyrir Hæstarétti, að hinn áfrýjaði dómur og munnlegur flutningur málsins 23. október 1950 verði ómerktilir og málinu vísað heim í hérað til munnlegs flutnings að nýju og að stefnda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Kröfur þessar byggir áfrýjandi meðal annars á því, að við hinn munnlega flutning málsins hafi dómarrinn, sem setti dómþingið, Unnsteinn Beck, þáverandi fulltrúi borgardómara, og sem hlýddi á frumræðu umboðsmanns stefnanda og nokkuð af frumræðu umboðsmanns stefnda, vikið af þinginu, meðan hinn síðarnefndi var að tala, og eigi bókað og undirritað í þingbókina, að hann viki af bæjarþinginu. Síðan hafi Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, sem fram að þessu hafði gegnt dómritara- og þingvottsstörfum í þinghaldi þessu, sett í dómarasæti, hlýtt á málflutninginn til loka hans og síðan dæmt málið. Hafi hann ekki í upphafi bókað dómaraskiptin, heldur strikað út úr bókinni nafn Unnsteins Becks og ritað sitt nafn í staðinn. Síðar hafi hann séð sig um hönd, skafið sitt nafn út, sett punkta undir nafn hins upphaflega dómara og skotið inn með örsmáu lettri klausu um dómaraskiptin, en hún hafi lent á skökkum stað.

Áfrýjandi hefur stefnt borgardómaranum, Einari Arnalds, og báðum nefndum fulltrúum til réttargæzlu í hæstaréttarmálinu.

Um dómaraskiptin við munnlega málflutninginn og um bókunina hafa báðir fulltrúarnir gefið vottorð, og sömuleiðis hefur lögmaður stefnanda, hdl. Áki Jakobsson, sem flutti málið munnlega, gefið vottorð varðandi dómaraskiptin.

Lögmaður stefnda í hæstaréttarmálinu, hrl. Ragnar Ólafsson, fór vegna

ástæðna áfrýjanda fyrir ómerkingunni fram á, að nefndir fulltrúar og hdl. Áki Jakobsson yrðu leiddir sem vitni um þá atburði, sem áðurnefnd vottorð þeirra fjölluðu um. Bogardómari vék sæti í málinu, og var síðan Valdimar Stefánsson sakadómari skipaður til að fara með málið sem setuborgardómari, og hefur hann kveðið upp úrskurð þenna.

Unnsteinn Beck, fyrrverandi fulltrúi borgardómara, hefur komið hér fyrir bæjarþingið sem vitni og skýrt frá dómarskiptunum, og er skýrsla hans í aðalatriðum á þessa leið: Þegar munnlegur flutningur framan-greinds máls átti að fara fram á bæjarþinginu, var vitninu og Jóni Bjarnasyni fulltrúa falið að hlýða á flutninginn. Nokkru áður en mál-flutningurinn átti að hefjast, kenndi vitnið lasleika, en taldi sig þó nógu frískt til að gegna störfum. Við upphaf málflutningsins sat vitnið í dóm-arasæti, en Jón Bjarnason annaðist dómritun. Þegar umboðsmaður stefn-anda, hdl. Áki Jakobsson, hafði flutt nokkurn hluta frumræðu sinnar, treysti vitnið sér ekki til að sitja lengur í dóminum, vegna þess hve las-leiki þess hafði ágerzt. Tjáði vitnið Jóni Bjarnasyni þetta og bað hann að taka við störfum af sér, sem hann gerði, og hvarf vitnið síðan úr dómsalnum. Meðan vitnið heyrði til, gerði hvorugur málflytjandinn at-hugasemd við þessa breytingu á skipun dómsins. Eigi undirritaði vitnið þingbókina, þegar það vék af bæjarþinginu, og er því eigi kunnugt um annað dæmi þess, að fráfarandi dómari hafi eigi undirritað þingbókina, þegar dómarskipti hafa orðið í þinghaldi. Ástæðuna til þess, að vitnið undirritaði ekki þingbókina, segir það hafa verið þá, að atvik hafi gerzt með svo skjótum hætti, að hann hafi ekki gefið sér tíma til þess. Virðist afskiptum vitnisins af máli þessu fyrir bæjarþinginu þar með hafa verið lokið.

Hrl. Magnús Thorlacius, umboðsmaður vitnastefnda, lögmaður stefnda við munnlega málflutninginn og lögmaður áfrýjanda í hæstaréttarmálinu, hefur skýrt svo frá sem vitni, að dómarskiptin hafi orðið, eftir að lög-maður stefnanda hafði lokið fyrri ræðu sinni og meðan hann sjálfur var að flytja fyrri ræðu sína. Hins vegar hafa vitnin Jón Bjarnason og Áki Jakobsson borið hið sama og vitnið Unnsteinn Beck um, hvert málflutn-ingnum hafi verið komið, þegar dómarskiptin urðu.

Umboðsmaður vitnastefnda hefur mótmælt framburði vitnisins Unn-steins Becks sem röngum og óstaðfestum, og hefur umboðsmaður vitna-stefnanda, hrl. Ragnar Ólafsson, óskað þess, að vitnið staðfesti framburð sinn með eiði. Umboðsmaður vitnastefnda hefur mótmælt eiðvinningunni með þeim rökum, að vitnið sé um of viðriðið málið, eins og það horfi við fyrir Hæstarétti. Umboðsmaður vitnastefnanda hefur mótmælt því, að vitnið sé nokkuð viðriðið málið fyrir Hæstarétti.

Liggur því hér fyrir að úrskurða, hvort vitninu skuli heimilt að stað-festa framburð sinn með eiði.

Eigi verður séð, að aðgerðum vitnisins við munnlega málflutninginn, sem að framan hafa verið raktar, hafi verið þannig farið að því eigi að valda, að það eigi ekki að fá tækifæri til að staðfesta framburð sinn með eiði. Verður því niðurstaðan sú, að vitninu skuli heimilt að gera það.

Því úrskurðast:

Vitninu Unnsteini Beck skal heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði.

Föstudaginn 5. desember 1952.

Nr. 83/1952. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn
Guðmundi Óskari Jónssyni
 (Ragnar Ólafsson).

Ákæra um brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940
 og bifreiðalögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Við þann kafla Sundlaugavegar, sem ákærði ók, áður en slysið varð, eru engin hús, og ekki verður séð, að ákærði hafi í umrætt skipti mátt af öðrum sökum búast við óvæntri umferð inn á akbrautina. Er ákærði nálgast húsið Víðivelli, sá hann fullorðinn mann á göngu nokkru vestar á veginum, og hélt hann sig á nyrðri vegarbrún. Þegar ákærði sá manninn, gaf hann hljóðmerki, og hélt maðurinn óbreyttri stefnu eftir það, þar til bifreið ákærða átti skammt ófarið til hans, en þá beygði maðurinn þvert suður yfir veginn og varð í þeim svifum fyrir bifreið ákærða, sem gaf enn hljóðmerki og gerði tilraun til að hemla bifreiðina.

Þegar litið er til þess, að ákærði gaf þannig með fyrirvara til kynna för sína, að hann mátti gera ráð fyrir því, að vegfarandinn hefði heyrt hljóðmerkið og ákærði gat eigi búizt við slíkum viðbrögðum af hálfu fullorðins manns, sem raun bar vitni, þykir eigi verða talið, að ákærði hafi sýnt þá vangæzlu í akstri, að varði við 1. málsg. 27. gr. laga nr. 23/1941. Eins og aðstæðum var háttað samkvæmt framansögðu og þegar litið er til þess, að áreksturinn virðist ekki hafa verið harður, þykir heldur ekki verða staðhæft, að hraði bifreiðar ákærða hafi verið þannig, að ákærði hafi gerzt sekur við 5. málsg.